

Reykjavík, 25. mars 2021
R21030247

6631
mmk

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Efni:

Gufunes - skipulagslýsing

Á fundi borgarráðs þann 25. mars 2021 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 24. mars 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 24. mars 2021 á kynningu á lýsingu að deiliskipulagi fyrir Gufunes, ásamt fylgiskjöllum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Lagt er til að núverandi Gufunesvegi verði breytt í hjóla- og göngustíg. Einnig er lagt til að rýna hönnun nýja vegarins verði rýnd með tilliti til sjálfakandi vagna og hvort rými sé fyrir sérakrein sem vagnarnir geta nýtt og síðan tengst stærri almenningssvögnum Strætó uppi við Strandveg. Gætt verði í þessu sambandi að framtíðarlegu Sundabrautar um svæðið.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Sporin hræða þegar kemur að skipulagsvinnu varðandi Sundabraut. Meirihlutanum er ekki treystandi. Verið er að kynnar bráðabirgðatengingar frá Gufunesi upp í Grafarvog og eiga þær að vera víkjandi gagnvart Sundabraut. Enn á ný er verið að þrengja að komu Sundabrautar. Hvers vegna er rokið í þetta verkefni sem verður mjög kostnaðarsamt korter í ákvarðanatöku um legu Sundabrautar? Þessu fólki sem stórnar Reykjavík er ekki viðbjargandi. Borgarfulltrúi Miðflokksins skilur ekki hvers vegna Vegagerðin er ekki löngu búin að gefast upp á samstarfi við meirihlutann í Reykjavík.

Helga Björk Laxdal
e.u.